

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Höskuldsstöðum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	25.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Dalabyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Miðbraut 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942019	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Þór Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir gerðar. Framkvæmd og skipulag urðunar var í lagi. Minnt var á að skila þyrfti niðurstöðum skráninga skv. grein 5.1 í starfsleyfi árlega fyrir 1. maí ár hvert.

UMFANG EFTIRLITS

Nýr urðunarstaður Dalabyggðar á Höskuldsstöðum fékk starfsleyfi þann 9. september 2015. Staðurinn var formlega tekin í notkun á þessu ári og engin úrgangur var urðaður þar árið 2015.

Eftirlitið hófst með skoðun á urðunarsvæðinu. Staðurinn er afgirtur og er með læsanlegu hliði. Athafnasvæði var snyrtilegt og framkvæmd og skipulag urðunar í lagi.

Þá var haldin fundur um helstu ákvæði starfsleyfisins með Viðari Þór Ólafssyni bæjarverkstjóra. Skv. upplýsingum um magn úrgangs var tekið við 160 tonn af garðaúrgangi hjá Dalabyggð. Sá úrgangur fer ekki inn á urðunarstaðinn heldur er tekið við honum á endurvinnslustöð Dalabyggðar og hann síðan nýttur í uppgræðsluverkefni.

Umhverfismarkmið, neyðar og viðbragðsáætlun liggja allar fyrir og þá er ábyrgðartrygging til staðar. Engar eftirlitsmælingar voru gerðar á árinu 2015 en staðurinn var ekki formlega tekin i notkun fyrr en á þessu ári. Samið hefur verið við Stefán Gíslason hjá UMÍS til að halda utan um utanumhald og sýnatökur vegna eftirlitsmælinga og var afhent áfangaskýrsla frá honum við eftirlit.

Ekki er komið fast kerfi á skráningu úrgangs en Gámapjónustan sem sér um staðinn heldur utan um þær. Minnt var á að halda þyrfti utan um innra eftirlit skv. grein 5.1 í starfsleyfinu og senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert.

ATHUGASEMDIR

Upplýsingar um innra eftirlit skv. grein 5.1 í starfsleyfi eru ekki skráðar með reglubundnum hætti. Skila skal upplýsingum um allar skráningar skv. grein 5.1 árlega til stofnunarinnar fyrir 1. maí ár hvert.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.10.2016

Sigríður Kristjánsdóttir